

Heilsuleikskólinn Fífusalir



**Leikskólar Kópavogs
Starfsáætlun 2025 – 2026**

Efnisyfirlit

1. Formáli.....	3
2. Inngangur	3
3. Leiðarljós leikskólans.....	4
Skólastarfið.....	4
4. Mat á skólastarfi.....	4
Innra mat leikskólans.....	4
Innra mat 2023-2024.....	4
Ytra mat.....	5
Starfsmannasamtöl	5
Mat barna.....	5
Umbótaáætlun	6
5. Áherslur í starfi leikskólans.....	6
Þróunar- og nýbreytnistarf.....	6
6. Foreldrasamstarf.....	7
Foreldraráð.....	7
Foreldrafélag	7
7. Starfsmannamál	7
Samsetning starfsmannahópsins.....	7
8. Símenntunaráætlun.....	8
Skipulagsdagar.....	8
9. Aðrar upplýsingar	9
Húsnæði og lóð.....	10
Skólaárið 2023 – 2024	10
Ósk um viðhald skólaárið 2024 – 2025.....	10
Öryggismál.....	10
Lokaorð.....	11
10. Fylgigögn.....	11
Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun.....	11
Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun	11
Fylgiskjal 3 - Leikskóladagatal.....	11
Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs	11

1. Formáli

Markmið starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissari með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Ákveðnar leiðir eru farnar til að ná þeim markmiðum og áherslum sem settar eru hverju sinni, með hliðsjón af aðalnámskrá, námskrá leikskóla Kópavogs og skólanámskrá leikskólans. Starfsáætlun veitir starfsfólki, forráðamönnum og rekstraraðilum upplýsingar um starfsemi leikskólans. Fjallað er um hvernig faglegt starf gengur fyrir sig, hvernig það gekk á síðastliðnu ári og hvernig unnið verður að umbótum.

Foreldraráð leikskólans gefur umsögn með starfsáætluninni sem síðan fer til samþykktar hjá leikskólanefnd Kópavogs. Ítarlegri upplýsingar um leikskólann, stefnu hans, dagskipulag, foreldrasamstarf og fleira má finna í skólanámskrá og á heimasíðu leikskólans.

2. Inngangur

Leikskólastarf var hefðbundið skólaárið 2024-2025. Öll börn fóru í smiðju og leikvang einu sinni í viku ásamt því sem það var skipulagt hópastarf og unnið með Lubba og Blæ á öllum deildum.

Sundferðir gengu vel og börnin alltaf jafn glöð og ánægð með þessar ferðir. Spyrja endalaust hvenær fer ég aftur í sund. Ekki er farið í desember og janúar þegar frostið er mikið.

Farið var í vettvangsferð að lágmarki einu sinni í viku á öllum deildum, bæði var farið í styttri og lengri ferðir.

Hefðir leikskólans héldust að mestu óbreyttar. Sumarhátíðin var þó með breyttu sniði í ár, en þetta árið var boðið upp á grænmeti og ávexti í stað pylsupartís. Í staðinn voru grillaðar pylsur í hádeginu á vegum leikskólans.

Þróunarstarfið okkar til síðustu 3 ára vekur enn áhuga og hafa nokkrar heimsóknir frá leikskólum m.a. frá leikskólum Kópavogs verið tengdar því. Einnig hefur verkefnastjóri sent ýmislegt því tengdu á leikskóla í Kópavogi.

Við fengum tíu nema (þrjá hópa) frá Danmörku sem dvöldu hjá okkur í 4 vikur, þannig að í 12 vikur vorum við með erlenda nema.

Við fengum til okkar 14 Norðmenn frá Time kommune. Tíu starfmenn menntasviðs Time kommune og fjóra leikskólakennara frá Kvernaland Barnehage.

Þrír íslenskir kennaranemar voru í verknámi hjá okkur þetta skólaárið, tveir nemar frá leikskólanum Baugi og einn nemi frá Álfatúni.

Leikskólastarf skólaárið 2025-2026 verður með sama hætti og undanfarin ár og að auki verður lögð áhersla á að börn á sama aldursári kynnist milli deilda þá sérstaklega deildirnar Lækur (yngri gangur) og Hlíð (eldri gangur) sem vinna með sama árgang í vetur.

3. Leiðarljós leikskólans

Skólastarfið

Við í heilsuleikskólanum Fífusölum viljum að:

- að börn læri sjálfstjórn og beri virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.
- að börn fái tækifæri til að læra í gegnum leik og eigin upplifanir.
- að börn upplifi sig í lýðræðislegu samfélagi þar sem gleði, samhygð og vinátta er höfð að leiðarljósi

Einkunnarorð skólans:

Virðing: Að börnin taki tillit til hvers annars og efli þannig skilning á tilfinningum sínum, sem og annarra. Lagt er upp úr góðu trausti og samstarfi milli barna, starfsfólks, heimilis og skóla.

Uppgötvun: Að barnið öðlist reynslu með uppgötvun í leik án þess að kennarar gefi þeim lausnir. Mikilvægt er að viðurkenna upplifun barnanna án þess að leggja á hann dóm. Endapunkturinn skiptir ekki máli heldur lærdómurinn sem barnið öðlast á leiðinni.

Samvinna: Lagt er upp úr því að börn og kennarar séu sveigjanleg, hjálpist að, vinni saman og framfylgi ákvörðunum sínum. Kennarar eru fyrirmyndir barnanna sem hvetja þau til sáttfýsi og samvinnu.

4. Mat á skólastarfi

Innra mat leikskólans

Tilgangur innra mats er að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá menntun og þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum. Innra mat er byggt á viðmiðum sem eru sett fram í aðalnámskrá, skólanámskrá leikskólans og starfsáætlun. Það veitir upplýsingar um starfshætti, stuðlar að umbótum og auknum gæðum. Matið á að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Áherslur í mati á starfsemi leikskólans Fífusala eru *framfarir og líðan barna, markmið og stefna skólans, stjórnun og vellíðan starfsfólks og viðhorf foreldra*.

Innra mat 2023-2024

Unnið var úr gögnum úr starfsmannasamtölum sem tekin voru að vori notuð við vinnslu áætlunarinnar. Eins var notast við mat barna leikskólans um starf hans, sem og lista frá menntasviði um sjálfbærni og vísindi.

Sjálfbærni og vísindi

Fylltir voru út listar þar sem sjálfbærni og vísindi var metið með einkunn frá 1-10.

Í listanum fyrir 1 og 2 ára börn voru langflestir þættir með 8-10 í einkunn. Þeir þættir sem voru með 7 eða minna í einkunn var meðal annars að kynna þyrfti lífríki í nánasta umhverfi meira, ræða betur um árstíðir og veðurfar, nýta tækifærin til að borða úti, hlusta á hljóð náttúrunnar, telja og para saman.

Í listanum fyrir 3 og 4 ára börn voru færri þættir sem voru með 8-10 í einkunn og greinilegt að margt þarf að skoða. Þeir þættir sem voru með 7 eða minna í einkunn voru að frjáls aðgangur að búnaði og áhöldum mætti vera meiri, ýta mætti undir meira sjálfstæði barnanna, skoða lífríkið í nánasta umhverfi og hafa fleiri þemaverkefni. Einnig þyrfti aðgangur að náttúrulegu leikefni og áhöldum að vera betri til að hægt sé að rannsaka og upplifa náttúruna betur og vinna með hana. Matarsóun mætti einnig vera minni.

Í listanum fyrir 5 ára börn voru langflestir þættir með 8-10 í einkunn. Þeir þættir sem voru með 7 eða minna í einkunn var að það mætti umgangast náttúruna af meiri virðingu, hafa betri aðgang að náttúrulegu leikefni til að vinna með, veita formum og tölum meiri athygli í umhverfinu, finna verkefni sem hvetja til vísinda- og rökhugsunar, velta fyrir sér ólíkum fæðutegundum og fjalla betur um flokkun, endurvinnslu og moltugerð.

Gerð hefur verið umbótaáætlun fyrir 2025 – 2026, hana er að finna aftast í þessu skjali.

Starfsmannasamtöl

Rauður práður í starfsmannasamtölum var samskipti. Starfsmönnum finnst vera of mikið um neikvæð samskipti, þrátt fyrir vinnu með samskiptasáttmála sl. skólaár. Þetta verður sett í umbótaáætlun og símenntunaráætlun varðandi samskipti allt næsta skólaár. Einnig komu fram skiptar skoðanir á starfi skemmtinefndar, óskað var eftir að tveir viðburðir væru ákveðnir að vori fyrir næsta skólaár af stjórnendum. Það væri gert tímanlega til þess að fólk gæti tekið daginn frá og fleiri kæmust með. Annars var almenn ánægja með starf vetrarins.

Mat barna

Þetta er alltaf skemmtilegasti þáttur í mati skólans, allt sagt af svo miklum heiðarleika. Uppáhaldsmaturinn var fiskur hjá ansi mörgum (mögulega hefur verið fiskur þann daginn) en kjötbollur og lasagna komu oft fyrir. Kennararnir ráða öllu, en segja stopp ef einhver er óþekkur, eins hugga þeir börnin ef einhver er að gráta. Eitt af elstu börnunum sagði að þeir sjá um hópastarfið. Það sem er skemmtilegast að gera er: fara í sund, leikvang (íþróttasalurinn okkar) smiðju, leika með segulkubbana, róla, vefa og vera í búningum. Að vera góður vinur er m.a. að leika fallega, hjálpa og skiptast á með dótið. Þegar þau verða stór ætla þau að verða sjóræningi, fimleikastjarna, geimfari, dýralæknir og flugfreyja svo eitthvað sé nefnt. Þau læra að ríma, teikna, sitja við matarborðið og læra ný sönglög. Þessi elstu segja að þau læri að skrifa, stærðfræði og vera í hópastarfi.

Ytra mat

Skólapúlsinn gerði foreldrarannsókn í febrúar/mars, fjöldi þátttakenda var 91 en fjöldi svarenda 74 og var svarhlutfallið 81,3%. Yfirskrift spurningaflokka sem spurt var um er daglegt líf, námsumhverfi, samskipti við foreldra, upphaf og lok leikskólagöngu, sértækur stuðningur og sérfræðiþjónusta og í lokin voru svo opin svör. Margar spurningar eru undir í hverjum flokki. Ánægja með leikskólann var 97.1% en árið 2023 var það 86,4%. Í flestöllum þáttum stóðum við okkur betur en aðrir leikskólar á landsvísu. Í opnum svörum kom margt mjög jákvætt en líka hlutir sem foreldrar voru ekki sáttir með. Við tökum það að sjálfsögðu til okkar og bætum úr því næstkomandi skólaár.

Skólapúlsinn framkvæmdi einnig starfsmannakönnun í mars 2025, 37 starfsmenn tóku þátt. Svarhlutfall var 91,9%. Helstu niðurstöður um það sem þarf að bæta er að vinna með starfsandann, samskipti milli starfsmanna og einnig kom fram að stjórnendateymið þurfi að vera betri fyrirmynd í samskiptum.

Þegar kom að því að fara yfir það sem er gott við vinnustaðinn kemur í ljós að ansi mörgum finnst starfsandinn góður og viðmót stjórnanda gott. Það er samt sem áður mjög mikilvægt að hlusta á þær raddir sem kveða sér til hljóðs varðandi það sem betur má fara. Unnið verður með utanaðkomandi aðstoð með samskipti allt næsta skólaár.

Óskað var eftir námskeiði varðandi málþroska og fer það í símenntunaráætlun. Námskeiðið verður sett á dagskrá á skipulagsdegi þann 16. janúar. Það var talað um það væri mikill metnaður í starfinu okkar, heilsusamlegt mataræði og áhersla á hreyfingu barnanna væri mjög gott.

Umbótaáætlun

Umbótaáætlun byggir á niðurstöðu mats og er árangur umbóta metinn formlega og sem hluti af innra mati skólans. Gagna er aflað á fjölbreyttan hátt frá öllum þeim hópum sem koma að skólastarfinu, börnum, foreldrum og starfsfólki. Viðhorfskannanir, skimanir, ferilmöppur, sjálfsmat deilda, samræmd matsblöð leikskóla Kópavogs um námssvið leikskólans og markvissar umræður starfsfólks um starfið eru dæmi um þau gögn sem notuð eru við gerð mats- og umbótaáætlana. Innra mat í Fífusölum er umbótamiðað og eru niðurstöður þess í starfsáætluninni.

5. Áherslur í starfi leikskólans

Þróunar- og nýbreytnistarf

Þróunarverkefnið „Vinnuáætlanir í hópastarfi“ er sífellt í þróun, gerum endalaust betur og bætum í okkar flotta verkefni. Verkefnastjóri kynnti þróunarverkefnið fyrir leikskólanefnd, sérkennslustjóra og stjórnendur leikskóla Kópavogs haustið 2024.

Samþykki fékkst varðandi styrk vegna samstarfsverkefnis milli Fífusala og Salaskóla skólaárið 2024-2025 „Brú milli skólastiga“. Markmið verkefnisins var að bæta og þróa samstarf milli leik- og grunnskóla með það í huga að stuðla að vellíðan og öryggi barnanna er þau fara úr leikskóla í grunnskóla. Vel tókst til og hafa kennarar beggja skólastiga hist reglulega á skólaárinu til að kynnst starfsaðferðum hvors annars, miðlað góðum og árangursríkum verkefnum og vinnubrögðum. Einnig hafa þeir setið fyrirlestra með talmeinafræðingi og öðrum sérfræðingum varðandi skólamál.

Unnið var í samráði við aðstoðarskólastjóra Salaskóla að fyrirkomulagi/ framkvæmdarplani fyrir skólaárið 2024-2025. Ákveðnar voru dagsetningar/heimsóknir fyrir elsta árgang leikskólans. Komum við til með að halda þeirri þróunarvinnu áfram og verður fundur í haust til að skipuleggja og ákveða heimsóknir fyrir skólaárið 2025-2026.

Skólanámskrá fyrir elsta árgang leikskólans leit dagsins ljós og verður send til foreldra fyrir skólaárið 2025-2026.

Læsisstefna og málstefna hafa verið útbúnar og eru nú aðgengilegar inn á heimasíðu sem og í nýrri skólanámskrá Fífusala.

Fífusalir mun taka þátt í þróunarvinnu/samstarfsverkefni þriggja leik- og grunnskóla í Kópavogi sem ber heitið „Lestur á mörkum skólastiga“. Um er að ræða tveggja ára samstarfsverkefni árin 2025-2027.

Markmiðið þessa þróunarverkefnis er þrjúþætt:

- að stuðla að aukinni samfellu í læsinnámi barna á milli skólastiga.
- að efla markvissa læsiskennslu í leikskólanum sem byggir á gagnreyndum aðferðum í lestrarkennslu
- að efla samstarf á milli kennara og starfsfólks í leik- og grunnskóla.

Útbúið hefur verið skipulag varðandi útisvæði eldri barna leikskólans. Leiksvæðið er svæðaskipt með því markmiði að tryggja öryggi barna. Starfsmenn taka með sér spjald um hálsinn og fara á sitt úthlutaða svæði. Upp hafa komið smávægilegir hnökrar en við erum stöðugt að vinna að úrbótum til að bæta skipulagið og tryggja ánægju starfsmanna og öryggi barna.

6. Foreldrasamstarf

Foreldrar/forráðamenn eru hvattir til þátttöku í leikskólastarfinu, mikilvægt er að þeir séu vel upplýstir um vinnu barnanna og starfi leikskólans. Samvinna foreldra og leikskóla byggist á gagnkvæmri virðingu í opnum samskiptum og er því mikilvægt að foreldrar finni fyrir vingjarnlegu viðmóti og trausti.

Foreldraráð

Foreldraráð er starfandi í leikskólanum og fundar reglulega, um það bil einu sinni í mánuði en oftast ef þurfa þykir. Í því eru fjórir foreldrar, einn kennari og leikskólastjóri. Fundargerðir foreldraráðsins eru birtar á heimasíðu leikskólans. Markmið foreldraráðs er að styðja við starf leikskólans. Foreldraráð kemur að faglegu starfi leikskólans, les meðal annars yfir árlega starfsáætlun og skrifar umsögn. Starfsreglur og fundargerðir má finna á heimasíðu leikskólans.

Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og tekur stjórn þess þátt í undirbúningi og framkvæmd ýmissa viðburða. Foreldrafélagið fundar einu sinni á ári en að öðru leyti fara samskiptin að mestu leyti fram í gegnum lokaðan Facebook hóp.

7. Starfsmannamál

Samsetning starfsmannahópsins

Í heilsuleikskólanum Fífusölum er gert ráð fyrir 15 stöðugildum vegna barngilda þeirra barna sem búið er að úthluta og búið er að senda inn beiðnir vegna úthlutunar á sérkennslutímum sem jafngilda 7,25 stöðugildum vegna sérkennslu í 1. og 2. flokki. Einnig er leikskólastjóri í 100% stöðu, staða aðstoðarleikskólastjóra er 75% og staða sérkennslustjóra er 75%. Starfsmenn í eldhúsi eru 2, báðir í 100% starfi. Að auki er ákveðið starfshlutfall til afleysinga vegna veikinda, undirbúningstíma og sérkennslu barna í 3. og 4. flokki.

Heildarstöðugildi leikskólans var á síðasta skólaári (2024-2025) 31,57.

Deildarstjóri er yfirmaður hvernar deildar, en aðrir starfsmenn deilda vinna samkvæmt starfslýsingu leikskólakennara, nema um sé að ræða starf vegna sérkennslu eða annarra sérverkefna.

Síðasta starfsár voru 16,22 stöðugildi vegna barngilda og 5,5 stöðugildi vegna sérkennslu.

Leikskólaárið 2025-2026 munu starfa í Fífusölum auk stjórnenda, þrír leikskólakennarar með deildarstjórn, þrír háskólamenntaðir starfsmenn með deildarstjórn, tveir leikskólakennarar, tveir þroskaþjálfar þar sem annar þeirra er í sérkennslustjórastöðu, þrír háskólamenntaðir starfsmenn og þrettán almennir starfsmenn. Þessar tölur gætu mögulega breyst þegar líður á haustið þar sem á eftir að ráða fjóra til fimm starfsmenn.

8. Símenntunaráætlun

Leikskólastjórnendur ákvarða almenna þörf fyrir námskeið/endurmenntun út frá áhersluatriðum næsta skólaárs, óskum starfsmanna og fjárhagsáætlun skólans. Starfsfólk fer á námskeið og fyrirlestra sem nýtast skólastarfinu, auka faglegan og persónulegan þroska og hæfni starfsmanna. Starfsfólki er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á samkvæmt símenntunaráætlun skólans og þau eru haldin á starfsdögum, starfsmannafundum eða fyrir utan leikskólann.

Skipulagsdagar

Skipulagsdagar í leikskólum Kópavogsbæjar eru fimm á ári. Fjórða hvert ár geta leikskólar sótt um sjötta skipulagsdaginn ef um námsferð erlendis er ræða. Skipulagsdagar verða nýttir til að efla fagþekkingu, styrkja starfshópinn og skipulag starfsins.

1. Föstudagur 19. september

Farið verður yfir starfsáætlun, símenntunar og umbótaáætlun, innleiðingu nýrra námskrár. Myndbönd varðandi farsæld barna og umræður. Fyrirlestur um samskipti. Myndataka af starfsfólki til að setja í forsali.

Miðvikudagur 12. nóvember

Samskiptafyrirlestur og skyndihjálpar námskeið.

2. Föstudagur 16. janúar

Kynning varðandi fæðuinntöku barna og fyrirlestur um málþroska. Unnið verður með samskipti einnig á þessum degi. Fyrirlestur um bernskulæsi eftir hádegi en óvíst þar sem fyrirlesari getur ekki svarað fyrr en í ágúst.

3. Þriðjudagur 10. mars

Endurmat á vetrarstarfi og undirbúningur að sumarstarfi. Endurmat á farsæld barna og lokahnykkurinn gerður í samskiptamálum.

4. Föstudagurinn 15. maí

Námsferð innanlands.

Samningur hefur verið gerður við Auðnast til að styrkja okkur í allri samskiptavinnu nk. skólaár.

Lögð er áhersla á að hvetja starfsfólkið til að fylgjast með hvaða námskeið eru í boði fyrir leikskólastarfið og sækja þau.

9. Aðrar upplýsingar

Fjöldi barna

Næsta skólaár verða 104 börn í heilsuleikskólanum Fífusölum miðað við stöðu úthlutaðra pláss. Laus pláss eru 2 en gæti verið úthlutað í haust.

27 börn fædd 2020

24 börn fædd 2021

26 börn fædd 2022

19 börn fædd 2023

7 börn fædd 2024

Dvalartímar

Miðað við hvernig dvalartími er skráður núna (skrifað í júní) þá verður staðan 1. okt. svona:

33 barn í 6 tíma vistun

28 börn í 8 tíma vistun

6 börn í 7 tíma vistun

6 börn í 7,5 tíma vistun

3 börn í 8,5 tíma vistun

28 börn verða dreifð í 5,2 -9 tíma vistun

Vistunartíminn er mjög breytilegur og munu verða breytingar þegar nær dregur að hausti.

Sérkennsla

Sérkennsla mun taka breytingum en nú fá börn ekki úthlutaða tíma heldur fær hver deild viðbótarstöðugildi til ráðstafana fyrir börn með stuðningsþarfir.

Á yngri gangi er áætlað að 1,95 stöðugildi muni sinna stuðningi. Það skiptist á deildir svona:

Lind: 0

Lækur: 0,95

Laut: 1,0

Á eldri gangi er áætlað að 5,60 stöðugildi muni sinna stuðningi. Það skiptist á deildir svona:

Hóll: 2,80

Hlíð: 0

Hæð: 2,80

Búið er að sækja um þessi viðbótarstöðugildi en ekki búið að samþykkja. Þetta gæti því breyst að hausti.

Leikskólinn hefur umráð yfir 1,3 stöðugildi vegna vægari þarfa barna sem bætist við það sem sótt var um hér að ofan. Það stöðugildi mun koma til móts við börn með vægari stuðningsþarfir.

Í haust ætla heilsuleikskólinn Fífusalir að byrja með flæðandi sérkennsludeild sem lýsir sér þannig að starfsfólk sem sinnir stuðningi er ekki fast inni á almennum deildum. Stuðningsþarfir barna verða metnar og reglulega endurmetnar en starfsfólk með stuðning fær úthlutað stundatöflu eftir þörfum barna. Markmiðið með slíku fyrirkomulagi er að koma til móts við stuðningsþarfir hvers og eins. Þetta fyrirkomulag hefur ekki verið prófað í Fífusölum áður og því verður þetta tilraun næsta skólaárið.

Það verða 8 börn tví- eða þrítyngd miðað við stöðu úthlutaðra plássna.

Húsnæði

Skólaárið 2025 – 2026

Ósk um viðhald skólaárið 2025 – 2026

Er það sama og á síðast ári þar sem ekkert fékkst á sl. skólaári .

1. Setja upp vegg á milli matsal og listasmiðjunnar til þess að minnka hávaða sem verður til þess að svæðin nýtist betur í starfi.
2. Bæta starfsmannaaðstöðu í fataherbergi. Fá hillur fyrir starfsmannakörfur.
3. Nýjar taugardínur á yngri gangi. Þær eru 23 ára.
4. Mála ákveðna vegg.

Öryggismál

Í leikskólanum er starfandi öryggisnefnd og áfallaráð. Hlutverk þeirra er m.a. að stuðla að öryggi og heilbrigði starfsfólks og barna og koma í veg fyrir heilsutjón.

Hlutverk áfallaráðs er að koma að málum sem hafa áhrif á andlega líðan barna og starfsfólks svo sem slys, veikindi, sorg eða einelti.

Slys eru skráð í gegnum forritið Atvik í samstarfi við Vís.

Skólaárið 2024-2025 voru 5 skráningar á Atvik tengdar börnum og 2 tengdar starfsfólki.

2 tannslýs hjá börnum voru annars vegar vegna höggs frá öðru barni og hins vegar vegna falls af stól.

1 barn fékk skurð á kinn við hras inni á deild, 1 barn fékk mar á höku eftir samstuð við annað barn og 1 barn fékk skrámu á vör eftir fall í hálku.

1 starfsmaður tagnaði á fæti eftir að hafa rekið fótinn í á meðan hann var að róla og 1 starfsmaður fékk stungusár á hönd þegar hann var að skera niður matvæli.

Lokaorð

Það sem hefur einkennt þetta skólaár er vinna við nýja námskrá, þar þurftum við að uppfæra allt í okkar starfi. Eins og eineltisáætlun, læsisstefnu, áfallaráðs bækling og svona mætti lengi telja. Einnig var verið að koma inn með ný orð eins og “inngilding”, “valdefling” og fleira sem við þurftum að innleiða og máta okkar skóla við. Síðan hefur farsældarfrumvarpið og innleiðing þess verið atkvæðamikið í starfinu sl. skólaár.

Það eru því miður alltaf töluverðar mannabreytingar, fólk ræður sig til vinnu en finnur svo fljótlega að þetta starf á ekki við það. Enda er þetta krefjandi starf en þeim mun skemmtilegra. Eitt sem við þurfum að muna næsta skólaár er að starfsfólk taki út orlofið sitt fyrir 1. maí og því verði dreift yfir skólaárið. Það var mjög erfitt í ár þar sem margir þurftu að klára uppsafnað orlof.

Samskipti verður rauður þráður í gegnum símenntunaráætlun okkar næsta skólaár og kemur það í framhaldi af starfsmannakönnun sem Skólapúlsinn gerði á vorönn. Við höfum verið að vinna að samskiptasáttmála og ætlum að sækja okkur utanaðkomandi aðstoð við framhald á þeirri vinnu. Við eigum eftir að ráða u.þ.b. 5 stöðugildi þar sem sérkennslan verður mikil nk. skólaár eins og svo oft áður.

Það verður spennandi að fara í framhaldandi þróunarstarf við Salaskóla ásamt tveimur öðrum leik- og grunnskólum í Kópavogi vegna K-Pals.

Þrír starfsmenn eru að hefja nám í leikskólakennarafræðum í haust og er langt síðan við höfum haft nema við Háskóla Íslands.

Förum björt og brosandi inn í sumarið, með tilhlökkun í komandi skólaár 2025-2026

Erla Stefanía

10. Fylgigögn

Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun

Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun

Fylgiskjal 3 - Leikskóladagatal

Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs

Umbótaáætlun Heilsuleikskólans Fífusala 2025 - 2026

Viðfangsefni/ Markmið	Vegna	Umbætur	Ábyrgðaraðilar	Tímarammi	Hvernig metið/ Endurmat	Staða
Eftirfylgni á nýju kerfi í útiveru	Öryggisatriði	Farið yfir stöðuna	Allir ábyrgir að vera meðvitaðir - Deildarstjóri með yfirábyrgð	Alltaf	Í umræðum á deildarfundum og skipulagsdögum	þarf að bæta
Sjálfbærni og visindi	Niðurstöður frá listum frá menntasviði	Ýta undir sjálfstæði barnanna, skoða lífríki og nánasta umhverfi. Bæta aðgang að náttúrulegum leikfnum. Veita umhverfinu meiri athygli og fjalla betur um flokkun	Allir ábyrgir að vera meðvitaðir - Deildarstjóri með yfirábyrgð	Í samverustundum, útiveru og vettvangsferðum	Í umræðum á deildarfundum og skipulagsdögum	þarf að bæta
Kynna kennara persónulega fyrir foreldrum	Kynning á starfsfólki	Myndir af starfsfólki í Sway	Deildarstjórar	Í upphafi haustannar	Metið hjá skólapúlsinum 2025	Gengur vel
Myndir af starfsfólki á heimasíðu og í forsölum	Kynna starfsfólk fyrir foreldrum og börnum	Taka myndir á fyrsta skipulagsdegi	Stjórnendateymi	Haust 2025	Endurmetið þegar nýtt starfsfólk byrjar	Er í vinnslu
Að börn og foreldrar finni fyrir öryggi í leikskólanum	Út frá niðurstöðum matslista sköpun og menning	Reyna að hafa stöðugleika í starfsmannahaldi	Stjórnendur	Skólaárið 2025-2026	Farið yfir lista aftur að loknu skólaári	Er í vinnslu
Börn tjá sig um ferlið og verkin sín í skapandi starfi	Út frá niðurstöðum gátlista sköpun og menning	Kennari skrásetji með barni, hafa tjáningarbolta í samverustund	Allir starfsmenn	Skólaárið 2025-2026	Farið yfir lista aftur að loknu skólaári	Er í vinnslu
Að börn fái tækifæri til að skoða bækur með listaverkum og vinna verkin sín með tónlist	Út frá niðurstöðum gátlista sköpun og menning	Að kennarar séu opnari fyrir fjölbreytileika í listum og sköpun	Allir starfsmenn	Skólaárið 2025-2026	Farið yfir lista aftur að loknu skólaári	Er í vinnslu

Vinna meira með tónlist og leiklist frjálst, með hljóðfæri og með aðra hljóðgjafa	Út frá niðurstöðum matslista sköpun og menning	Hlusta meira á mismunandi tónlist, nota hreyfileiki og hljóðfæri. Þulur og ljóð	Allir starfsmenn	Skólaárið 2025 - 2026	Metið á deildarfundum vorið 2026	Er í vinnslu
Fjalla um ólíka menningu barnanna	Út frá niðurstöðum gátlista sköpun og menning	Að vinna verkefni tengd fjölmenningu	Allir starfsmenn	Skólaárið 2025 - 2026	Farið yfir lista aftur að loknu skólaári	Er í vinnslu
Kynna farsældarfrumvarpið og námskrá		Aðalfundur foreldrafélagsins 23.september 2025	Stjórnendateymi	Haut 2025	Aðalfundur foreldrafélagsins	
Samskiptasáttmáli	Var unninn veturinn 2024-2025	Stofna samskiptateymi	Stjórnendur og trúnaðarmenn	Skólaárið 2025 - 2026	Með könnun frá Kópavogsbæ: <i>Vellíðan á vinnustað</i>	Er í vinnslu
Starfsmannavelta	Út frá Skólapúlsinum sem lagði fyrir könnun fyrir foreldra vorið 2025	Vinna betur með móttökur nýrra starfsmanna	Stjórnendur	Skólaárið 2025 - 2026	Með foreldrakönnun Skólapúlsins 2026	Er í vinnslu
Samskipti mættu vera betri meðal starfsmanna.	Út frá starfsmannasamtölum og könnun frá Skólapúlsinum vorið 2025	Taka ábyrgð á eigin samskiptum og viðbrögðum. Stjórnendur sýni gott fordæmi.	Allir stjórnendur	Skólaárið 2025 - 2026	Senda út könnun til starfsmanna næsta vor	Er í vinnslu

Aðlögun milli deilda	Endurmat frá stjórnendateymisfundi vor 2025	Gefa deildum lengri tíma til þess að undirbúa komu nýrra barna	Deildarstjórar	Skólaárið 2025-2026	Meta vorið 2026	
Vinna með endurvinnslu, flokkun og sjálfbærni	Út frá nýjum flokkunarreglum	Kaupa nýjar ruslafötur og handklæði til að þurrka hendur	Allir starfsmenn	Skólaárið 2025-2026	Metið á deildarfundum vorið 2025	Er í vinnslu

Símenntunaráætlun Heilsuleikskólans Fífusala 2025 - 2026						
Þátttakendur	Lýsing á námskeiði	Markmið	Dagsetning	Tíma fjöldi	Kostnaður	Ábyrgð
Allt starfsfólk	Deildarfundir	Upplýsingagjöf, fræðsla og fleira.	Allt skólaárið	þriggja vikna fresti	Unnið á vinnutíma	Deildarstjórar / Leikskólastjóri
Allt starfsfólk	Starfsmannasamtöl	Til að gefa starfsmönnum tækifæri til að skoða sjálfa sig í starfi og að gefa þeim tækifæri til að koma með ábendingar til stjórnenda um starf leikskólans.	Vor 2026	30 mín pr. starfsmann	Unnið í vinnutíma	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri taka stjórnendateymið og annað starfsfólk
Nýtt starfsfólk	Nýliðafræðsla	Farið yfir starfsmannahandbók.	1x mánuði	ca 45 mín í hvert skipti	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri og fagstjóri
Starfsfólk í stuðningi	Samráðsfundur með sérkennslustjóra	Umræður um starfið sem og fræðsla frá sérkennslustjóra tengd starfinu.	1x í mánuði	60 mín hvert skipti	Unnið á vinnutíma	Sérkennslustjóri, Guðbjörg og leikskólastjóri
Fagfólk	Starfsmannafundur	Faglegar umræður um starfið.	1 x á önn	2 tímar x2 = 4 tímar	Tekið af yfirvinnukvóta	Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Farið verður yfir starfáætlun, símenntunar- og umbótaáætlun, innleiðingu nýrra námskrár. Myndbönd varðandi farsæld barna og umræður. Fyrirlestur um samskipti ásamt fyrirlestur varðandi einelti. Myndataka af starfsfólki til þess að setja í forsali.	19.september	8 tímar	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri
Deildarstjórar	Aðalfundur foreldrafélagsins	Farsæld barna kynnt. Farið yfir nýja námskrá.	23. september	2 tímar	Tekið af yfirvinnukvóta	Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Skyndihjálparnámskeið fyrir hádegi og unnið með samskipti eftir hádegi.	12. nóvember	8 tímar	Unnið á vinnutíma Fyrirlesari ekki búinn að gefa verð	Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Kynning varðandi fæðuinntöku barna og um málþroska barna. Fyrirlestur um samskipti og mögulega fyrirlestur um bernskulæsi.	16. janúar	8 tímar	Unnið á vinnutíma Fyrirlesari ekki búinn að gefa verð	Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Endurmat á vetrarstarfi og undirbúningur að sumarstarfi. Endurmat á farsæld barna og lokahnykkurinn gerður með samskipti með aðstoð Auðnast	10. mars	8 tímar	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri
Deildarstjórar	Deildastjórafundir	Skapa umræður um faglega starfið og samstilling stjórnendateymis	1x í viku	2 klst hvert skipti	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Námsferð innanlands	15.maí	8 tímar	Unnið á vinnutíma, kostnaðaráætlun kemur síðar	Leikskólastjóri

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Skóladagatal 2025 - 2026

Nafn skóla: Fífusalur

AGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ	
1 F	Sumarlökun	1 M	Skipulagt starf hefst	1 M		1 L		1 M	Fullveldisdagurinn	1 F	Nýársdagur	1 S		1 S		1 M	Skráningardagur	1 F	Verkalyðsdagurinn	1 M		1 M	
2 L		2 Þ		2 F		2 S		2 Þ		2 F	Skráningardagur	2 M		2 M		2 F	Skirdagur	2 L		2 Þ		2 F	
3 S		3 M		3 F		3 M		3 M	Jólatréð sett upp	3 L		3 Þ		3 Þ		3 F	Föstudagurinn langi	3 S		3 M		3 F	
4 M	Friðagur verslunamanna	4 F		4 L		4 Þ		4 F	Jólatréð skreytt	4 S		4 M		4 M		4 L		4 M		4 F		4 L	
5 Þ	Sumarlökun	5 F		5 S		5 M		5 F	Jólaþeyisdagur	5 M		5 F		5 F		5 S	Páskadagur	5 Þ		5 F	Gisting elstu bananna	5 S	
6 M	Sumarlökun	6 L		6 M	Heilsuvika - ávaxta- og grænm.dagur í vikunni	6 F	Lestraráttak Lubba byrjar	6 L		6 Þ	Þrettándinn	6 F	Dagur leikskólans - Gestakaffi	6 F		6 M	Annar í Páskum	6 M		6 L	Útskrift 2025	6 M	
7 F	Skólar opna kl: 13:00	7 S		7 Þ		7 F		7 S		7 M		7 L	Dagur tónlistarskólans	7 L		7 Þ		7 F	13 ár síðan við fengum heilsufánann	7 S	Sjómannadagurinn	7 Þ	Skólar loka kl: 13:00
8 F		8 M	Dagur læsis	8 M		8 L	Baráttudagur gegn einelti	8 M		8 F		8 S		8 S		8 M		8 F		8 M		8 M	Sumarlökun
9 L		9 Þ		9 F		9 S		9 Þ		9 F		9 M		9 M		9 F		9 L		9 Þ		9 F	Sumarlökun
10 S		10 M		10 F		10 M		10 M	Litlu jólin	10 L		10 Þ		10 Þ	Skipulagsdagur	10 F	Leikfangadagur	10 S		10 M		10 F	Sumarlökun
11 M		11 F		11 L		11 Þ		11 F		11 S		11 M	Dagur íslenska táknaðsins	11 M		11 L		11 M		11 F		11 L	
12 Þ		12 F		12 S		12 M	Skipulagsdagur	12 F		12 M		12 F		12 F		12 S		12 Þ		12 F		12 S	
13 M		13 L		13 M		13 F	Síðasti dagur í lestrarátaki Lubba	13 L		13 Þ		13 F		13 F		13 M		13 M		13 L		13 M	Sumarlökun
14 F		14 S		14 Þ		14 F	Afmæli leikskólans og Lubba (16. nóv)	14 S		14 M		14 L		14 L	Dagur stærðfræðinnar	14 Þ		14 F	Uppstigningardagur	14 S		14 Þ	Sumarlökun
15 F		15 M		15 M		15 L		15 M		15 F		15 S		15 S		15 M		15 F	Skipulagsdagur	15 M		15 M	Sumarlökun
16 L		16 Þ	Dagur íslenskrar náttúru	16 F		16 S	Dagur íslenskrar tungu	16 Þ		16 F	Skipulagsdagur	16 M	Bolludagur	16 M	Tannverndarvika	16 F		16 L		16 Þ		16 F	Sumarlökun
17 S		17 M		17 F	Blekur dagur	17 M		17 M		17 L		17 Þ	Sprengidagur	17 Þ		17 F		17 S		17 M	Lyðveldisdagurinn	17 F	Sumarlökun
18 M		18 F	Leikfangadagur	18 L		18 Þ		18 F		18 S		18 M	Óskudagur	18 M		18 L		18 M	Heilsuvika - ávaxta- og grænm.dagur í vikunni	18 F		18 L	
19 Þ		19 F	Skipulagsdagur	19 S		19 M		19 F		19 M		19 F	Skráningardagur	19 F		19 S		19 Þ		19 F		19 S	
20 M		20 L		20 M		20 F	Dagur mannréttinda barna	20 L		20 Þ		20 F	Skráningardagur	20 F	Þannverndardagur og Downs dagur	20 M		20 M		20 L		20 M	Sumarlökun
21 F		21 S		21 Þ		21 F		21 S		21 M		21 L		21 L		21 Þ		21 F		21 S		21 Þ	Sumarlökun
22 F		22 M	Gulur dagur	22 M		22 L		22 M		22 F		22 S	Konudagur - upphaf Góu	22 S		22 M		22 F		22 M	Sumarhátíð í þessari viku	22 M	Sumarlökun
23 L		23 Þ		23 F		23 S		23 Þ	Þorláksmessa	23 F	Bóndadagur - upphaf Þorra	23 M		23 M		23 F	Sumardagurinn fyrsti	23 L		23 Þ		23 F	Sumarlökun
24 S		24 M		24 F	Afmæli Blæ - Alþjóðlegur bangsadagur (27.okt)	24 M	Piparkökubakstur	24 M	Aðfangadagur jóla	24 L		24 Þ	Blár dagur	24 Þ		24 F		24 S	Hvítasunnudagur	24 M		24 F	Sumarlökun
25 M		25 F		25 L	Fyrsti vetrardagur	25 Þ	Piparkökubakstur	25 F	Jóladagur	25 S		25 M		25 M		25 L		25 M	Annar í Hvítasunnu	25 F		25 L	
26 Þ		26 F	Evrópski tungumáladagurinn	26 S		26 M	Piparkökubakstur	26 F	Annar í jólum	26 M		26 F		26 F		26 S		26 Þ		26 F		26 S	
27 M		27 L		27 M	Skráningardagur	27 F	Piparkökukaffi	27 L		27 Þ		27 F	Glitrandi dagur	27 F		27 M		27 M		27 L		27 M	Sumarlökun
28 F		28 S		28 Þ	Skráningardagur	28 F		28 S		28 M		28 L		28 L		28 Þ		28 F		28 S		28 Þ	Sumarlökun
29 F		29 M		29 M		29 L		29 M	Skráningardagur	29 F				29 S	Pálmasunnudagur	29 M		29 F		29 M		29 M	Sumarlökun
30 L		30 Þ		30 F		30 S		30 Þ	Skráningardagur	30 F				30 M	Skráningardagur	30 F		30 L		30 Þ		30 F	Sumarlökun
31 S				31 F				31 M	Gamlársdagur	31 L				31 Þ	Skráningardagur			31 S				31 F	Sumarlökun

Kópavogur, 08.07.2025

Umsögn Foreldraráðs Fífusala vegna starfsáætlunar fyrir skólaárið 2025-2026

Foreldraráð Fífusala hefur yfirfarið starfsáætlun heilsuleikskólans Fífusala fyrir árið 2025-2026. Foreldraráðið lýsir yfir ánægju með starfsáætlunina og samþykkir hana. Starfsáætlunin er vel sett upp, skýr og hnitmiðuð, og á það einnig við um fylgiskjölin; umbótaáætlun og símenntunaráætlun.

Unnið er gott og faglegt starf í Fífusölum, sem endurspeglast í niðurstöðum foreldrarannsóknar á vegum Skólapúlsins í vor. Innra mat er ítarlegt og ríkur vilji til umbóta á því sem betur má fara. Viðfangsefni eru vel skilgreind og umbótaáætlun er ítarleg.

Skipulagsdagarnir eru vel skipulagðir fram í tímann og stuðla þeir að góðri símenntun allra starfsmanna með fyrirlestrum um mikilvæg málefni.

Ljóst er að stjórnendur Fífusala eru metnaðarfullir og endurspeglast það í starfsáætluninni.

Fyrir hönd foreldraráðs Fífusala,

Kristján Bryde